

ÁKVÖRDUN nr. S10**2015/EES/34/03****frá 19. desember 2013****um að breyta frá reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 yfir í reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og 987/2009 og beitingu verklagsreglna vegna endurgreiðslna****(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)**

(2014/C 152/03) (*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitæfni sem lúta að framkvæmd og túlkun í tengslum við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar (EB) nr. 987/2009 ⁽²⁾,

með hliðsjón af 87.–91. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004,

með hliðsjón af 7. mgr. 64. gr. og 93.–97. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði reglugerða (EB) nr. 883/2004 og nr. 987/2009 tóku gildi 1. maí 2010 og reglugerðir (EBE) nr. 1408/71 og nr. 574/72 féllu úr gildi sama dag nema í tilvikum sem falla undir 1. mgr. 90. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og 1. mgr. 96. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.
- 2) Nauðsynlegt er að skýra hvaða aðildarríki er kröfuaðildarríki og hvaða aðildarríki er skuldaraðildarríki við aðstæður þar sem aðstoð var veitt eða heimilud samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 en kostnaður vegna aðstoðarinnar er gerður upp eftir gildistöku reglugerða (EB) nr. 883/2004 og 987/2009, einkum ef ábyrgð á greiðslu kostnaðar breytist samkvæmt nýju reglugerðunum.
- 3) Nauðsynlegt er að skýra hvaða tilhögun á endurgreiðslu skuli fylgja við aðstæður þar sem aðstoð var veitt samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 en endurgreiðsluferlið á sér stað eftir gildistöku dag reglugerða (EB) nr. 883/2004 og 987/2009.
- 4) Ákvæði 5. mgr. ákvörðunar nr. H1 skýrir stöðu vottorða (E-eyðublaða) og evrópska sjúkratryggingakortsins (þ.m.t. bráðabirgðavottorðanna) sem eru gefin út fyrir gildistöku dag reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009.
- 5) Í ákvæðum 4. mgr. ákvörðunar S1 og 2. gr. ákvörðunar nr. S9 er mælt fyrir um almennar meginreglur um það hver beri ábyrgð á kostnaði vegna aðstoðar sem er veitt á grundvelli gilds evrópsks sjúkratryggingakorts sem ættu einnig að gilda þegar umbreyting á sér stað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB C 152, 20.5.2014, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

- 6) Samkvæmt 62. og 63. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skulu þau aðildarríki, sem ekki eru skráð í 3. viðauka við reglugerð (EB) nr. 987/2009, endurgreiða aðstoð sem aðstandendum, sem ekki hafa fasta búsetu í sama aðildarríki og hinn tryggði, og lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra er veitt á grundvelli raunverulegra útgjalda frá og með 1. maí 2010.
- 7) Þar til bær stofnun, sem ber ábyrgð á kostnaði við aðstoð sem veitt er aðstandendum, sem ekki hafa fasta búsetu í sama aðildarríki og hinn tryggði, og lífeyrisþegum og aðstandendum þeirra í búseturíki sínu, skal greiða kostnað við aðstoð sem er veitt skv. 19. gr. (1. mgr.), 20. gr. (1. mgr.) og 27. gr. (1. og 3. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 883/2004.
- 8) Samkvæmt 7. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 geta þau aðildarríki, sem eru skráð í 3. viðauka, haldið áfram í fimm ár frá 1. maí 2010 að beita 94. og 95. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 við útreikning á föstum fjárhæðum.
- 9) Með reglugerð (EB) nr. 987/2009 eru teknar upp nýjar málsmeðferðarreglur um endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu með það að markmiði að hraða endurgreiðslum milli aðildarríkja og komast hjá uppsöfnun krafna sem liggja óuppperðar um langt skeið.
- 10) Nauðsynlegt er að stofnanir í þeim aðstæðum, sem um getur hér að framan, búi við gagnsæi og njóti leiðbeininga til að tryggja einsleita og samræmda beitingu á ákvæðum Bandalagsins.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. Umbreytingarfyrirkomulag við ákvörðun á því hvaða aðildarríki ber ábyrgð á kostnaði við fyrirframákveðna meðferð og nauðsynlega aðstoð með tilliti til þess ef breytingar verða á því hvar ábyrgð liggur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004

1. Ef meðferð var veitt:
 - í tengslum við aðildarríkin, einstaklingi fyrir 1. maí 2010 skal ákvarða í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 hver skuli bera ábyrgð á greiðslu kostnaðar vegna hans,
 - í tengslum við Sviss, einstaklingi fyrir 1. apríl 2012 skal ákvarða í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 hver skuli bera ábyrgð á greiðslu kostnaðar vegna hans,
 - í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg, einstaklingi fyrir 1. júní 2012 skal ákvarða í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 hver skuli bera ábyrgð á greiðslu kostnaðar vegna hans.
2. Ef einstaklingur fékk leyfi til að ferðast til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis til þess að fá þar meðferð sem hentar ástandi hans (fyrirframákveðna meðferð) samkvæmt reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og 574/72 skal stofnunin sem veitti leyfið greiða allan kostnað við meðferðina
 - ef meðferðin er veitt, í tengslum við aðildarríkin, að hluta eða að öllu leyti eftir 30. apríl 2010,
 - ef meðferðin er veitt, í tengslum við Sviss, að hluta eða að öllu leyti eftir 31. mars 2012,
 - ef meðferðin er veitt, í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg, að hluta eða að öllu leyti eftir 31. maí 2012.
3. Ef meðferð einstaklings hófst skv. a-lið 3. mgr. 22. gr. eða a-lið 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal greiða kostnað við slíka meðferð í samræmi við ákvæði þessara greina jafnvel þótt breyting hafi verið gerð á því hver ber ábyrgð á greiðslu kostnaðar einstaklingsins samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 883/2004. Ef meðferðinni er hins vegar haldið áfram
 - í tengslum við aðildarríkin, eftir 31. maí 2010 skal þar til bær stofnun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004 greiða þann kostnað sem stofnað er til eftir þann dag,
 - í tengslum við Sviss, eftir 30. apríl 2012 skal þar til bær stofnun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004 greiða þann kostnað sem stofnað er til eftir þann dag,

- í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg, eftir 30. júní 2012 skal þar til bær stofnun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 883/2004 greiða þann kostnað sem stofnað er til eftir þann dag.
- 4. Ef meðferð var veitt skv. 1. mgr. 19. gr. eða 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004
- í tengslum við aðildarríkin, eftir 30. apríl 2010 á grundvelli gilds evrópsks sjúkratryggingakorts, sem gefið er út fyrir 1. maí 2010, er ekki hægt að synja endurgreiðslu kostnaðar við slíka meðferð með þeim rökum að ábyrgð vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga hafi breyst samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 883/2004,
- í tengslum við Sviss, eftir 31. mars 2012 á grundvelli gilds evrópsks sjúkratryggingakorts, sem gefið er út fyrir 1. apríl 2012, er ekki hægt að synja endurgreiðslu kostnaðar við slíka meðferð með þeim rökum að ábyrgð vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga hafi breyst samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 883/2004,
- í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg, eftir 31. maí 2012 á grundvelli gilds evrópsks sjúkratryggingakorts, sem gefið er út fyrir 1. júní 2012, er ekki hægt að synja endurgreiðslu kostnaðar við slíka meðferð með þeim rökum að ábyrgð vegna kostnaðar við heilbrigðisþjónustu fyrir einstaklinga hafi breyst samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

Stofnun, sem er gert að endurgreiða kostnað vegna aðstoðar sem veitt er á grundvelli evrópsks sjúkratryggingakorts, getur farið fram á að sú stofnun, sem viðkomandi var með réttu skráður hjá þegar aðstoðin var veitt, endurgreiði fyrir nefndu stofnuninni kostnað vegna þeirrar aðstoðar eða útkljái málið með hlutaðeigandi einstaklingi hafi hann ekki átt rétt á að nýta evrópska sjúkratryggingakortið.

II. Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda í tengslum við aðildarríkin

1. Kröfur um endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færð í bókhald kröfuaðildarríkisins fyrir 1. maí 2010, skulu falla undir fjárhagsákvæði reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Þessar kröfur skulu lagðar fyrir samskiptastofnun skuldaraðildarríkisins eigi síðar en 31. desember 2011.

2. Allar kröfur um endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færðar í bókhald kröfuaðildarríkisins eftir 30. apríl 2011, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við ákvæði 66.–68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

III. Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda í tengslum við Sviss

1. Kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Sviss á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færð í bókhald kröfuaðildarríkisins fyrir 1. apríl 2012, skulu falla undir fjárhagsákvæði reglugerðar (EBE) nr. 574/72.
2. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Sviss á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færð í bókhald kröfuaðildarríkisins fyrir 31. mars 2012, skulu lagðar fyrir samskiptastofnun skuldarríkisins eigi síðar en 31. desember 2013.
3. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Sviss á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færðar í bókhald kröfuaðildarríkisins eftir 31. mars 2012, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við ákvæði 66.–68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

IV. Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli raunverulegra útgjalda í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg

1. Kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færð í bókhald kröfuaðildarríkisins fyrir 1. júní 2012, skulu falla undir fjárhagsákvæði reglugerðar (EBE) nr. 574/72.
2. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færð í bókhald kröfuaðildarríkisins fyrir 31. maí 2012, skulu lagðar fyrir samskiptastofnun skuldarríkisins eigi síðar en 31. desember 2013.

3. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg á grundvelli raunverulegra útgjalda, sem eru færð í bókhald kröfuaðildarríkisins eftir 31. maí 2012, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við ákvæði 66.–68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

V. Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða í tengslum við aðildarríkin

1. Meðalkostnaður fyrir árin til og með 2009 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2011. Meðalkostnaður vegna ársins 2010 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2012.

2. Allar kröfur um endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* fyrir 1. maí 2010, skulu lagðar fram eigi síðar en 1. maí 2011.

3. Allar kröfur um endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar eftir 30. apríl 2010, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við 66.–68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009. Ákvæði 2. mgr. 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skulu ekki gilda um skrár vegna viðmiðunaráranna fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

VI. Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða í tengslum við Sviss

1. Meðalkostnaður í tengslum við Sviss fyrir árin til og með 2011 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2013. Meðalkostnaður fyrir árið 2012 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2014.

2. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Sviss á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* fyrir 1. apríl 2012, skulu lagðar fram eigi síðar en 1. apríl 2013.

3. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Sviss á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar eftir 31. mars 2012, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við 66.–68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009. Ákvæði 2. mgr. 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skulu ekki gilda um skrár vegna viðmiðunaráranna fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

VII. Málsmeðferð við endurgreiðslu á grundvelli fastra fjárhæða í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg

1. Meðalkostnaður í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg fyrir árin til og með 2011 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2013. Meðalkostnaður fyrir árið 2012 skal lagður fyrir endurskoðunarnefndina eigi síðar en 31. desember 2014.

2. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* fyrir 1. júní 2012, skulu lagðar fram eigi síðar en 1. júní 2013.

3. Allar kröfur um endurgreiðslu í tengslum við Ísland, Liechtenstein og Noreg á grundvelli fastra fjárhæða, sem eru birtar eftir 31. maí 2012, skulu falla undir nýju málsmeðferðarreglurnar í samræmi við 66.–68. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009. Ákvæði 2. mgr. 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 skulu ekki gilda um skrár vegna viðmiðunaráranna fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

VIII. Óumdeildar kröfur lagðar fram samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 574/72

1. Greiða skal óumdeildar kröfur í tengslum við aðildarríkin eins skjótt og unnt er og eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunarinnar.

2. Greiða skal óumdeildar kröfur í tengslum við Sviss, Ísland, Liechtenstein og Noreg eins skjótt og unnt er og eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunarinnar.

IX. Umdeildar kröfur lagðar fram samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 574/72

1. Vefengingar varðandi viðkomandi kröfur í tengslum við aðildarríkin verða að hafa verið móttæknar af samskiptastofnun kröfuaðildarríkisins eigi síðar en 12 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunarinnar. Heimilt er að hafna vefengingum sem berast eftir þann dag.

2. Vefengingar varðandi viðkomandi kröfur í tengslum við Sviss, Ísland, Liechtenstein og Noreg verða að hafa verið móttæknar af samskiptastofnun kröfuaðildarríkisins eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunarinnar. Heimilt er að hafna vefengingum sem berast eftir þann dag.

3. Samskiptastofnun skuldaraðildarríkisins verða að berast svör við vefengingu í tengslum við aðildarríkin innan 12 mánaða frá lokum þess mánaðar þegar vefengingunni var veitt viðtaka og eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunarinnar. Samskiptastofnun kröfuaðildarríkisins skal svara og leggja fram þau gögn sem krafist er í vefengingunni.
4. Samskiptastofnun skuldaraðildarríkisins verða að berast svör við vefengingu í tengslum við Sviss, Ísland, Liechtenstein og Noreg innan 12 mánaða frá lokum þess mánaðar þegar vefengingunni var veitt viðtaka og eigi síðar en 36 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunarinnar. Samskiptastofnun kröfuaðildarríkisins skal svara og leggja fram þau gögn sem krafist er í vefengingunni.
5. Ganga skal endanlega frá uppgjöri við og greiða umdeildar kröfur í tengslum við aðildarríkin eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar.
6. Ganga skal endanlega frá uppgjöri við og greiða umdeildar kröfur í tengslum við Sviss, Ísland, Liechtenstein og Noreg eigi síðar en 36 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunarinnar.
7. Berist svar ekki innan þessara tímafresta er litið svo á að vefengingin sé samþykkt. Heimilt er að hafna svörum sem berast samskiptastofnun skuldaraðildarríkisins eftir þennan dag.

X. Einfölduð málsmeðferð

1. Litið skal á þær kröfur sem úrehtar sem hafa ekki verið gerðar upp innan tímafrestanna hér að framan og hafi einhver málsaðila ekki hafið þá málmeðferð, sem mælt er fyrir um vegna þeirra skv. 7. mgr. 67. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009, innan sex mánaða frá lokum greiðslufrestsins.
2. Samskiptastofnanir ríkja geta gert með sér tvíhliða samkomulag um almenna lausn varðandi lokauppgjör krafna, án þess að líta til einstakra mála.

XI. Lokaákvæði

1. Við beitingu umbreytingarfyrirkomulagsins skal leiðbeinandi meginregla vera gott samstarf milli stofnana, gagnsemi og sveigjanleiki.
2. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún gildir frá þeim degi sem hún er birt.
3. Ákvörðun þessi kemur í stað ákvörðunar nr. S7 frá 22. desember 2009.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Mariana ŽIUKIENĚ